



Skorradalshreppur

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Skorradal, 10. september 2019
1909001 PD

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023

Á 135. fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps þann 10.9.2019 var eftir farandi bókað:

„Hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur verið með til skoðunar, þingsályktunnartillögu um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Hreppsnefnd er sáttt við að efla sveitastjórnastigið en hreppsnefnd mælist til þess áður en lengra verður haldið með þessa tillögu að þingsályktun, að alþingi breyti fyrst stjórnaskránni og fái þar samþykkt að setja kröfu um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Hreppsnefnd setur spurningarmerki við það hvort það sé ekki lögbrot, að nota Jöfnunarsjóð til að greiða fyrir sameiningu, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögunum einnig er hér verið að fara illa með almannafé.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er hlynt sameiningu sveitarfélaga, ef það er byggt á hagkvæmni og vilja íbúanna.

Rökin fyrir sameiningu sveitarfélaga, eiga að byggjast á tekjumöguleikum, samsetningu atvinnulífs, landfræðilegum aðstæðum, góðu samstarfi við önnur sveitarfélög og samningum við bæði einstaklinga og fyrirtæki um rekstur margslags þjónustu. Stór og smá sveitarfélög á íslenskan mælikvarða, hafa með sér samvinnu á ýmsum sviðum og hefur það verið byggt á hagkvæmni og þar að leiðandi allra hagur.

Stóru sveitarfélögin hafa ekki síður en þau fámennari, nýtt sér samninga við verktaka og einstaklinga, til margslags verkefna, s.s. sorphirðu, slökkvilið, snjómokstur o.fl. enda gera sveitarfélögin þetta af hagkvæmis ástæðum og kemur höfðatölu íbúana ekkert við. Hversvegna sameining, ef það gengur þvert á óskir íbúana?

Margar sameiningar hafa ekki gefist vel og hafa jaðarbyggðir í mörgum tilfellum orðið fyrir skerðingum og því búið við verri þjónustu, en þau höfðu fyrir sameiningu.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps gerir athugasemdir við skipan starfshóps sem vann að Grænbók um sveitastjórnastigið, hann hefði átt að skipa á breiðari grunni og af fleiri aðilum svo þverskurður sveitafélaga á landinu fengu að segja sína skoðun, jafnt stór sem smá.

Einnig gerir hreppsnefnd athugasemd við að færa gistináttgjald yfir til sveitafélaga.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps, er alfarið á móti því að sveitarfélög séu þvinguð til sameiningar, á forsendum lágmarks höfðatölu.

Íbúar sveitarfélaga eiga alfarið, að meta það sjálfir, hvort sameining við önnur sveitarfélög sé betri kostur en það, að eiga gott samstarf og starfa sjálfstætt.

SKORRADALSHREPPUR

Hvanneyrargötu 3

311 Borgarnesi

Sími: 4311020

Netfang: skorradalur@skorradalur.is



Skorradalshreppur

Ef þessar reglur verða þvingaðar í gegn, á móti vilja heimamanna, eru tímamörkin sem sett eru algjörlega óviðunandi.

Oddvita falið að senda inn þessa umsögn. “

Virðingarfyllst,
Árni Hjörleifsson,
oddvit Skorradalshrepps

SKORRADALSHREPPUR

Hvanneyrargötu 3

311 Borgarnesi

Sími: 4311020

Netfang: skorradalur@skorradalur.is